




## Lítill og meðalstór fyrirtæki – samstaða um bætt rekstrarumhverfi

Í nýafstaðinni kosningabaráttu var kastljósinu m.a. beint að rekstrarumhverfi atvinnulífsins og mögulegum úrbótum þar á. Þrátt fyrir ákveðin skoðana-skipti í orðræðunni um málaflokka á borð við auðlindanýtingu mátti greina almenna samstöðu um bætt rekstrarumhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Stefnuskrár flestra flokka höfðu jafnframt að geyma þætti í þessa veru. Þá er skýra áherslu um þessi mál einnig að finna í nýjum stjórnarsáttmála.

Þó framlag stærri fyrirtækja til verðmætasköpunar sé alla jafna ótvírætt, enda framleiðni þeirra almennt meiri en minni fyrirtækja, þá er þessi áhersla flokkanna af hinu góða. Er það m.a. vegna þess að minni og meðalstór fyrirtækja glíma oft og tíðum við erfiðleika sem hin stærri gera síður s.s. í aðgengi að fjármagni. Þá er ljóst að ytri umgjörð til fyrirtækjareksturs, einkum laga- og reglugerðarumhverfið, getur reynst smærri fyrirtækjum þyngri í vöfum en þeim stærri. Við þetta er vert að staldra enda eru lítill og meðalstór fyrirtæki um 99% af öllum fyrirtækjum landsins og upp undir helmingur launafólks, eða á bilinu 80-90 þúsund manns, starfar hjá slíkum fyrirtækjum.

„Ytri umgjörð til fyrirtækjareksturs getur reynst smærri fyrirtækjum þyngri í vöfum en þeim stærri.“

**Mynd 1** Hlutfallsleg skipting fyrirtækja eftir fjölda starfsmanna innan ESB og á Íslandi



Heimild: Hagstofan (2005) og Eurostat

Um þetta var fjallað í skýrslu Viðskiptaráðs frá árinu 2009, **Hugsum smátt – lítill og meðalstór fyrirtæki**. Þar var kallað eftir hugarfarsbreytingu á þá leið að litlum og meðalstórum fyrirtækjum yrði gert hærra undir höfði en hafði verið. Slík nálgun fæli m.a. í sér að við breytingar á ytra umhverfi fyrirtækjareksturs væru áhrif þeirra á lítill og meðalstór fyrirtækin metin, þarfir slíkra fyrirtækja jafnframt skoðaðar og áhersla lögð á einfaldleika og skilvirkni í framkvæmd.

„Nær öll fyrirtæki á Íslandi, eða rúmlega 99%, teljast lítil og meðalstór.“


Með nálgun af þessu tagi er ekki gert lítið úr mikilvægi stórra fyrirtækja, því eitt sinn voru þau öll smá. Þá má leiða að því líkur að takist að fjölga í hópi þeirra minni og meðalstórra fyrirtækja sem ná að verða stór sé grunnur lagður að aukinni framleiðni hérlendis. Stafar það m.a. af því að hlutfall þessara fyrirtækja er almennt hærra í þjónustugreinum en öðrum. Samkvæmt nýlegri skýrslu McKinsey & Company er framleiðni í þeim hluta atvinnulífsins einna slökust og það var ein niðurstaða skýrslunnar að illa muni ganga að efla verðmætaskapandi eiginlega hagkerfisins alls án bættrar framleiðni í innlendri þjónustu.

### Burðarás íslensks atvinnulífs

Ef stærðarflokkun Evrópusambandsins (ESB) er beitt við flokkun innlendra fyrirtækja sést glöggst að nær öll fyrirtæki á Íslandi, eða rúmlega 99%, teljast lítil og meðalstór.<sup>1</sup> Þar vegur hlutur örfyrirtækja þyngst en þau eru um 90,5% allra fyrirtækja á landinu. Næst á eftir koma lítil fyrirtæki sem eru um 7,7% allra félaga og loks meðalstór fyrirtæki sem eru aðeins 1,4% allra félaga. Stórfyrirtæki eru einungis lítið brot af heildarfjölda fyrirtækja eða um 0,3%.

Betri mynd má fá af skiptingunni sé örfyrirtækjum sleppt. Þar sést, á úrtaki níu OECD ríkja, hvernig skipting fyrirtækja eftir stærð er háttað. Líkt og að ofan sést að um 90% fyrirtækja á Íslandi eru örfyrirtæki sbr. við 77% fyrirtækja í Bandaríkjunum og 94% fyrirtækja í Svíþjóð.

Mynd 2 Hlutfallsleg skipting fyrirtækja með 10 eða fleiri í vinnu



Heimild: OECD

1) SBA Fact Sheet 2012 – Iceland

## Pólitísk sátt um bætt umhverfi

Það er því fagnaðarefni að í stefnuskrám flestra þeirra flokka sem buðu fram til Alþingis í nýafstöðnum kosningum var komið inná mikilvægi minni og meðalstórra fyrirtækja. Áherslur þeirra flokka sem fengu menn kjörna á Alþingi eru í stuttu máli eftirfarandi:

### Sjálfstæðisflokkurinn

Sérstaklega verður að hlúa að litlum og meðalstórum fyrirtækjum og tryggja jafna samkeppnisstöðu þeirra. Stoðkerfi nýsköpunarfyrirtækja einfaldað og gert skilvirkara – dregið úr hindrunum við stofnun og rekstur fyrirtækja.

### Samfylkingin

Flýta þarf vinnu við breytingar á skattkerfinu þannig að því sé beitt sem hvata til fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum eða litlum og meðalstórum fyrirtækjum

### Björt framtíð

Leggja til að Ísland tileinki sér stefnu ESB sem ber yfirskriftina „Think small first“.

### Framsóknarflokkurinn

Mikilvægt er að leggja áherslu á að styrkja hag lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Þegar skattaumhverfi þeirra er orðið vænlegra þá skila þessi fyrirtæki meiri tekjum sem þýðir að þau geti fjölgað störfum.

### Vinstrihreyfingin grænt framboð

Flokkurinn vill beita sér fyrir því að atvinnulífið þróist í átt til aukinnar fjölbreytni og nýti umhverfsvæna tækni. Sérstaka áherslu ber að leggja á stuðning við fjölbreytta nýsköpun, vöxt og viðgang lítilla og meðalstórra fyrirtækja

### Píratar

Vilja betrubæta atvinnuumhverfi smáíðnaðar með einfaldara rekstrarumhverfi.

„Umtalsverð áhersla hefur verið lögð á stuðning við lítil og meðalstór fyrirtæki beggja vegna Atlantshafsins.“

## Í takt við erlendar áherslur

Hér eins og í mörgum öðrum málaflokkum þarf ekki að leita langt yfir skammt að hugmyndum til úrbóta. Síðustu ár hefur umtalsverð áhersla verið lögð á stuðning við lítil og meðalstór fyrirtæki beggja vegna Atlantshafsins, bæði í beinni löggjöf og með öðrum óbeinum aðgerðum. Þó þessir þættir séu, eins og vill verða, misjafnlega álitlegir og taka auk þess mið af uppbyggingu hvers hagkerfis þá er tilvalið hafa þá til hliðsjónar á komandi kjörtímabili.

Hér er knappt yfirlit yfir þau atriði sem lúta að beinum stuðningi til minni og meðalstórra fyrirtækja í Bandaríkjunum og innan ESB.<sup>2</sup>

2) Sjá *U.S. Small Business Administration, vefsíðu Framkvæmdastjórnar ESB* og skýrslu *United States Trade Commission* frá árinu 2010.

„Ísland stendur ágætlega á nokkrum sviðum, en ýmislegt má betur fara.“

#### Bandaríkin

- Fjárhagslegur stuðningur við útflutning á breiðu sviði
- Fjárhagslegur stuðningur til að taka þátt í kynningum á alþjóðavettvangi
- JOBS lögin auðvelda sprota- og smáfyrirtækjum að afla fjármagns
- Tæknilega þjónusta, þjónusta á sviði menntunnar og þjálfunar

#### Evrópusambandið

- Fjárhagslegur stuðningur við útflutning
- Óbeinn stuðningur við útflutning með því að stuðla að aukinni beinni erlendri fjárfestingu aðila sem nýst gæti litlum og meðalstórum fyrirtækjum í útflutningsgreinum
- Auka aðgengi að erlendum mörkuðum
- Fjárhagslegur stuðningur til að taka þátt í kynningum á alþjóðavettvangi


Í samanburði á Íslandi og ESB-löndunum 27 kemur í ljós að Ísland stendur ágætlega á nokkrum sviðum. Þar mætti nefna frumkvöðlastarfsemi, viðbragðsflýti stjórnsýslu, hæfni og nýsköpun.<sup>3</sup> Ísland stendur hins vegar verr að vígi þegar kemur að alþjóðavæðingu og „*Think small first*“, sem felur í sér að löggjöf taki tillit til hagsmuna og þarfa lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Ýmislegt má því betur fara og hefur EBS bent á að aðgerða þurfi hérlendis til að efla fyrrgreinda þætti ásamt því að auka aðgengi að fjármagni og bæta viðhorf gagnvart því að veita fyrirtækjum annað tækifæri.<sup>4</sup>

Ein leið til að bæta aðgengi lítilla og meðalstórra fyrirtæki að fjármagni gæti falist í að setja á fót viðlíka kerfi og komið hefur verið á í Bandaríkjunum sem gerir sprotafyrirtækjum kleift að afla sér fjármagns með sölu hlutafjár í gegnum netið. Á grunni þeirra skapaðist grundvöllur fyrir netfjármögnunarfyrirtækið *Kickstarter* en alls hafa um fjórar milljónir einstaklinga fjármagnað verkefni í gegnum þá síðu fyrir um 75 ma. kr. Fjallað var um þetta og fleiri þætti tengda fjármögnun fyrirtækja í *Hugmyndahandbók Viðskiptaráðs* sem kynnt var á Viðskiptaþingi í febrúar.

3) *SBA Fact Sheet 2012 – Iceland*

4) e. second chance, almennt átt við þegar fyrsta fyrirtæki frumkvöðuls fer í þrot og hann stofnar nýtt, sjá nánar á vef *Framkvæmdastjórnar ESB*

### Mynd 3 Öflun fjármagns á internetinu hefur stóruaukist á skömmum tíma




Heimild: Vefir sjóðanna

### Liður í bættri samkeppni og framleiðni

Bætt samkeppnishæfni hagkerfisins ætti að vera eitt meginverkefni næsta kjörtímabils, en samkvæmt könnun IMD um samkeppnishæfni þjóða árið 2012 sat Ísland aðeins í 26. sæti af 59 löndum. Flestar þjóðir hafa síðustu ár lagt kapp á að auka samkeppnishæfni, hagvöxt og atvinnu. Sá bati sem átt hefur sér stað í Evrópu frá 2008, þó lítil sé, er að miklu leyti talinn rekja til framlags lítilla og meðalstórra fyrirtækja.<sup>5</sup>

„Lítill og meðalstór fyrirtæki eru almennt talin drifkraftur þróaðra ríkja.“

### Mynd 4 Hlutfallsleg skipting virðisauka eftir stærð fyrirtækja



Heimild: OECD

Lítill og meðalstór fyrirtæki eru almennt talin drifkraftur þróaðra ríkja vegna framlags þeirra til nýsköpunar, sköpunar verðmæti og starfa, fjölbreyttari útflutning og nýtingu tækninýjunga. Má það m.a. sjá á því að 60% þess virðisauka sem verður til hagkerfum OECD landanna er skapaður af slíkum fyrirtækjum.<sup>6</sup> Þá er geta þeirra til nýsköpunar ekki aðeins mikilvæg fyrir þeirra eigin samkeppnishæfni heldur einnig stærri fyrirtækja og hagkerfisins í heild m.a. í gegnum

5) EU SMEs in 2012: at the crossroads, annual report on small and medium sized enterprises in the EU

6) OECD, tölur frá 2008

spekilega. Framleiðnivöxtur fyrirtækjanna virðist þó vera misjafn eftir geirum atvinnulífsins. Þannig er framleiðnivöxt einna helst að finna í hátæknifyrirtækjum og þekkingardrífna þjónustugeiranum, en framleiðni minni og meðalstórra fyrirtækja er almennt talinn lakari en þeirra stærri.

Þá er framleiðni þjónustugeirans hér á landi, þar sem lítil og meðalstór fyrirtæki eru fyrirferðarmikil, lakari en annarra hluta atvinnulífsins og samkvæmt nýlegri skýrslu *McKinsey & Company* eru úrbætur þar á ein meginforsenda þess að hagkerfið í heild geti skapað meiri verðmæti. Það er því til mikils að vinna með því að hlúa að rekstrarumhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja og gera þeim kleift að vaxa og dafna.

**Nánari upplýsingar veita Haraldur I. Birgisson framkvæmdastjóri og Viðar Ingason hagfræðingur í síma 510-7100. Fjölmiðlahorn Viðskiptaráðs má finna [hér](#).**

*Töluleg gögn að baki myndum úr þessari skoðun má nálgast á vef Viðskiptaráðs, en myndirnar sjálfar eru aðgengilegar á [flickr vef ráðsins](#).*